

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2018, mánudaginn 14. maí 2018 kl. 16.00 var haldinn 168. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöðinni Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir formaður, Gunnar Alexander Ólafsson (fyrir Kristínu Ernu Arnardóttur), Sigurður Eggertsson, og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um hugmyndum sem fram komu í verkefninu Hverfið mitt og 25 hugmyndum forgangsraðað.
2. Lagðar fram umsóknir úr hverfinu í hverfissjóð Reykjavíkur. Til úthlutunar eru kr. 2.169.000,-.
Samþykkt að veita Foreldarþorpinu styrk kr. 100.000 vegna vorfundar fyrir foreldra.
Samþykkt að veita Bryndísi Hreiðarsdóttur styrk kr. 175.000 vegna verkefnis um hverfisplokk og pulsupartý.
Samþykkt að veita Hollvinum Hæðargarðs styrk kr. 100.000 vegna vorferðar.
Samþykkt að veita Íbúasamtökum Háaleitis styrk kr. 769.000 vegna hverfishátíðar.
Samþykkt að veita Foreldrafélagi Breiðagerðisskóla styrk kr. 300.000 vegna verkefnisins Betra líf í Bústöðum.
Samþykkt að veita Foreldrafélagi Fossvogsskóla styrk kr. 300.000 vegna verkefnisins Betra líf í Bústöðum.
Samþykkt að veita Helgu Hreiðarsdóttur styrk kr. 175.000 vegna viðburðar með Frumleikfélaginu Huldu.
Samþykkt að veita Með oddi og egg ehf styrk kr. 250.000 vegna útgáfu hverfisblaðs.
3. Fram fer umræða um sameiginlega tillögu þriggja hverfisráða um hringleið strætó milli þessara hverfa.
4. Fram fer umræða um hraðahindrun í Hæðargarði.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða lýsir yfir óánægju með skort á svörum við erindum til umhverfis- og skipulagssviðs varðandi hraðakstur í Hæðargarði og leiðir til þess að draga úr honum.

Fundi slitið kl. 17:34

Dóra Magnúsdóttir

Gunnar Alexander Ólafsson

Sigurður Eggertsson